

Kennaraháskóli Íslands  
Meginlegar rannsóknaraðferðir  
Amalía Björnsdóttir

# Samstarf leikskóla og grunnskóla

Viðhorf og væntingar foreldra

Vormisseri 2005  
Sigurborg Sturludóttir  
270667-3419

Það að byrja í skóla er stór áfangi í lífi barna. Þau gera snemma væntingar til grunnskólans og væntingar sínar byggja þau fyrst og fremst á upplifunum annarra t.d. foreldra, eldri systkina og á viðhorfum samfélagsins. Þær byggjast á hefðbundnum og stöðluðum hugmyndum svo sem að þurfa að sitja þegjandi og þrúð við borð og læra að lesa, skrifa og reikna (Jóhanna Einarsdóttir, 2003a)

Fyrstu tvö skólastigin, leikskóli og grunnskóli, byggja á ólíkum uppeldis- og kennslufræðilegum hefðum. Jafnframt er talað um að skólastigin hafi ólíka sýn á barnið, að leikskólinn hafi rómantíska sýn, að barnið vaxi og dafni sem hluti af náttúrunni og í samskiptum við aðra og að grunnskólinn líti á barnið sem móttakanda þekkingar og menningar. Einnig er mikill munur á hugmyndafræði skólastiganna, væntingum til barnanna og daglegum venjum (Jóhanna Einarsdóttir, 2003a). Í mörgum löndum er gerður skýr greinarmunur á ummönnun (care) og menntun (educational). Börn læra frá fæðingu, alla daga, allan daginn og því er ástæðulaust að flokka menntastofnanir í ummönnunar- eða menntastofnanir (OECD, 2001).

Leikskólinn er samkvæmt lögum fyrsta skólastigið (Lög um leikskóla, 1994) og er litið á hann „sem viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum” (Aðalnámskrá leikskóla, 1999). Barnavinafélagið Sumargjöf stofnaði fyrstu barnaheimilin hér á landi á þriðja áratugi síðustu aldar og var markmið þeirra að veita börnum hlýju og sjá til þess að þau fengju holla næringu og hreinlæti (Jóhanna Einarsdóttir, 1999). Leikskólar hafa því á tiltölulega stuttum tíma þróast frá því að vera umönnunarstofnanir fyrir börn fátækra foreldra, í það að vera fyrsta skólastigið. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að í leikskólum eru yfirleitt barnmiðuð viðfangsefni og þar læra börnin í gegnum leik og samskipti við aðra. Ekki er um beina kennslu að ræða heldur er lögð áhersla á skapandi starf og sjálfspróttinn leik barnsins. Litið er á leikinn sem náms- og þroskaleið þess og að í honum felist uppgötvunarnám. Lögð er rækt á alhliða þroska barnsins, hlúð að mismunandi þáttum hans og samspil þeirra örvað. Með alhliða þroska er átt við; líkams- og hreyfiþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Einnig er tekið þar fram að lífsleikni og námsgengi barnsins sé byggt á jafnvægi á milli þessara þroskaþátta.

Samkvæmt skýrslu OECD (2001) hefur síðustu ár verið sú tilhneiging innan landa þess að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla fyrir elstu börnin. Hér á landi er það nú á umræðustigi að hafa síðasta ár leikskólans gjaldfrjálst en þó ekki að gera það að skólaskyldu. Í því felst viðurkenning á að leikskólinn er mikilvægur þáttur í námi barnanna.

Grunnskólar eða barnaskólar eins og þeir nefndust áður fyrr, eiga sér hins vegar lengri hefð í samfélagi okkar og markmið þeirra hafa líkt og leikskólans þróast í tímans rás. Í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) kemur fram að markmið grunnskólans er í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf með formlegri fræðslu og að hlúa að félagslegri mótun þeirra. Grunnskólinn á að taka mið af þörfum nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Lengi vel voru yngstu nemendur grunnskólans sjö ára en árið 1970 byrjuðu forskóladeildir fyrir sex ára börn og var meginhlutverk þeirra að undirbúa nemendur fyrir eiginlega skólagöngu. Forskóladeildirnar voru ekki skyldunám en árið 1991 varð breyting þar á og skólaskyldan færð niður að sex ára aldri og við það breyttust forskóladeildirnar í núverandi fyrsta bekk (Lög um grunnskóla, 1991).

Síðustu árin hefur verið mikil umræða um samvinnu á milli skólastiganna til þess að brúa bilið á milli leikskóla og grunnskóla. Skólastigin eru, eins og komið hefur fram, ólíkar stofnanir þar sem aðstæður, kennsluáferðir og hugmyndafræði eru mismunandi en megináhersla beggja stiga er að halda vel utan um barnið og nám þess. Með auknum rannsóknum fræðimanna hefur komið fram mikilvægi þess að vel takist til við yfirfærslu nemenda á milli skólastiganna (m.a. Broström, 2003, Jóhanna Einarsdóttir, 2003a, 2003b, Pianta og Kraft-Sayre, 1999)

Í námskrám beggja skólastiganna er lögð rík áhersla á að skólarnir efli tengls og samvinnu sín á milli (Menntamálaráðuneytið, 1999a, 1999b). Árið 1993-1996 var sett á laggirnar samstarfsverkefni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um skólabyrjun. Þróunarverkefnið eða „Brúum bilið“ eins og það nefndist, gekk út á það að efla tengslin á milli leik- og grunnskóla. Í kjölfarið eða í kringum árið 1998 var farið af stað með námskeið um land allt fyrir kennara af báðum skólastigum og í framhaldi af því fóru

fjöldmargir leikskólar og grunnskólar af stað með samstarfsverkefni á milli skólastiganna. Í dag eru þeir skólar vandfundnir sem eru ekki í einhverju samstarfi.

Markmið allra samstarfsverkefna er að veita börnunum stuðning og öryggi á þessum tímamótum og auðvelda þeim þá breytingu sem það óneitanlega er að skipta um skólastig. Þó að verkefnin séu jafn misjöfn og þau eru mörg þá hafa þau öll að leiðarljósi að aðlaga börnin að breyttum aðstæðum, hvort sem það er gert með því að skólarnir samræmi áherslur og væntingar til barnanna eða með auknum samskiptum og miðlun upplýsinga á milli starfsfólks skólanna og/eða til heimilanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b).


Jóhanna Einarsdóttir (2004b) nefnir þrjár stefnur í samstarfi skólastiganna í grein sinni „Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin“. Í fyrsta lagi er nefnd stefna þar sem lögð er áhersla á viðfangsefni við lok leikskólans, svo sem skilafundi og heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann. Í öðru lagi eru það aðferðir sem hafa vistfræðilega sýn Bronfenbrenners að leiðarljósi, eða þegar litið er á samstarf skólastiganna sem viðleitni til að skapa tengsl á milli barnsins, fjölskyldu þess, skólanna og samfélagsins. Og í þriðja lagi eru það aðferðir sem stuðla að því að mynda samfellu og sameiginlega sýn á milli skólastiganna.

Verkefni við lok leikskólans eru þau samstarfsverkefni sem víðast hvar eru notuð á milli skólastiganna í reykvískum skólum. Algengast er að leikskólanemendur fari í heimsókn í nærliggjandi grunnskóla og að grunnskólinn bjóði leikskólabörnum á uppákomur innan skólans. Sameiginlegt markmið þessara aðferða er að auðvelda börnunum flutninginn úr leikskólanum yfir í grunnskólann með því að kynna grunnskólann fyrir börnunum (Jóhann Einarsdóttir, 2004b).

Vistfræðileg sýn í samstarfi leikskóla og grunnskóla byggir á vistkerfislíkani Bronfenbrenners sem hann kynnti á áttunda áratugi síðustu aldar. Líkan hans skoðar og sýnir tengsl einstaklings og umhverfisins. Bronfenbrenner skiptir umhverfi einstaklingsins í fjögur lög eða kerfi, míkro-, mesó-, exó- og makrókerfi. Í míkrokerfinu,

eða hversdagsviðunum eins og það er einnig kallað, eru þeir þættir sem eru næstir einstaklingnum, til dæmis fjölskyldan, skólinn, vinirnir eða nánasta umhverfi barnsins. Mesókerfið samanstendur af tengslum og/eða samskiptum á milli hversdagssviðanna, til dæmis samstarfi heimilis og skóla og samstarfsverkefnum skólastiganna (Bronfenbrenner, 1977).

Eins og sést á mynd 1 er barnið miðpunkturinn og umhverfis það er fjölskyldan, vinirnir og kennararnir. Námskrá skólanna og þær uppeldisstefnur sem kennariarnir tileinka sér hafa bein áhrif barnið. Grænu svæðin á milli hversdagssviðanna eða mesókerfið sýna möguleg tengsl á milli þeirra sem í þessu tilfalli er samstarf leikskóla og grunnskóla og samstarf heimilis og leikskóla og/eða grunnskóla. Yst er exó- og makrókerfin, en þar eru þættir sem snerta hversdagssvið barnsins á óbeinan hátt, til dæmis atvinna foreldra, heimili, heilsugæsla, menning samfélagsins, réttur og ábyrgð og stefna ríkisstjórnarinnar.



Mynd 1. Samstarf leikskóla og grunnskóla með vistfræðilega sýn Bronfenbrenners að leiðarljósi (Dunlop og Fabian, 2002a).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) segir að mikilvægt sé að leikskólar og grunnskólar hafi samstarf sín á milli til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Samstarfsverkefni sem byggjast á sameiginlegri sýn, stefnu og vinnubrögðum á báðum skólastigum ganga út frá

Því að tengja hugmyndafræði skólanna saman og nýta það besta frá báðum til að mynda eðlilega samfellu í skólagöngu barnsins. Með samfellu er átt við að leikskólar og grunnskólar vinni út frá sömu hugmyndafræðinni og að kennarar af báðum skólastigum setji sér sameiginleg markmið með samstarfinu og samræmi kennsluáðferðir til þess að byggja upp samfellu (Jóhanna Einarsdóttir, 2004a). Með flutningi á milli skólastiga fylgir alltaf ákveðin breyting eins og orðið ber með sér. Við flutning er flutt frá einum stað til annars en með samfellu er reynt að tryggja eðlilegt flæði á milli stiganna og reynt að halda samræmi á milli þeirra krafna sem eru gerðar til barnanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2004b).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á samstarfi leik- og grunnskóla. Í nágrannalöndum okkar ber mest á rannsóknum Stig Broströms (2002, 2003) um upphaf skólagöngu. Hann hefur meðal annars gert rannsóknir á væntingum danskra barna við skólabyrjun og hafa þær leitt í ljós að langflest hafa þau jákvæðar væntingar til skólans. Forsendan fyrir jákvæðum væntingum barnanna er að mati Broström góð tengsl á milli skólastiganna (Broström, 2002). Einnig hefur hann rannsakað þær aðlögunaraðferðir sem dönskum leikskóla- og grunnskólakennurum þykja vænlegar til árangurs (Broström, 2003). Síðustu árin hafa verið gefin út greinasöfn með greinum og rannsóknum um samvinnu skólastiganna; viðhorf kennara á báðum skólastigum og greinar um samstarfsverkefni sem eiga að auðvelda yfirfærslu barnanna á milli skólastiga. Þá er einnig fjallað um rannsóknir á reynslu barnanna, upplifun foreldra og fleira. Allar þessar greinar og rannsóknir benda á mikilvægi þess að skólastigin vinni saman og stuðli þannig að betri tilfærslu á milli skólastiganna (Dunlop og Fabian, 2002b, Broström og Wagner, 2003, Dockett og Perry, 2001). Að auki hafa La Paro, Pianta og Kraft-Sayre (2003) rannsakað samstarf á milli leikskóla og grunnskóla í Bandaríkjunum. Niðurstöður rannsóknar þeirra leiddi í ljós að samstarf skólastiganna í Bandaríkjunum virðist byggja á óbeinum tengslum, svo sem bréfaskriftum og skýrslum í stað beinna tengsla á milli stafsólks, barna og fjölskyldna þeirra. Í sömu rannsókn voru viðhorf foreldra til samstarfsverkefna rannsökuðen þeim bauðst að taka þátt í verkefnum á milli leikskóla og grunnskóla til að auðvelda byrjun barnanna í grunnskóla, sem almennt voru ekki í boði. Þar gátu foreldrar til dæmis valið um; heimsóknir foreldra og/eða leikskólabarna í grunnskóla, foreldrar áttu

kost á að hitta grunnskólakennara eða skólastjóra, sækja umræðufundi með leikskólakennurum um grunnskólann og börn þeirra fengu tækifæri á að taka þátt í daglegum venjum í grunnskóla.

Á Íslandi hefur Jóhanna Einarsdóttir verið afkastamest í rannsóknum á samstarfi skólastiganna. Í nýlegri rannsókn hennar á þeim leiðum sem leikskóla- og grunnskólakennarar í Reykjavík nota til að tengja skólastigin kemur fram að algengustu aðferðirnar í samstarfinu eru heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og að grunnskólar bjóði leikskólabörnum á uppákomur í skólanum. Báðar þessar aðferðir flokkast undir þá stefnu þar sem lögð er áhersla á viðfangsefni við lok leikskólans. Í niðurstöðunum kom fram að kennarar beggja skólastiganna eru almennt ekki að vinna að samræmingu námskráa og kennsluáferða þó að þeir telji það vera æskilegt og einnig kom í ljós að vistfræðileg sýn þar sem lögð er áhersla á tengsl milli barnsins, fjölskyldu þess, leikskólans, grunnskólans og samfélagsins er ekki í brennidepli í íslenskum leik- og grunnskólum (Jóhanna Einarsdóttir, 2004).

Ég tel að samstarf leikskóla og grunnskóla á Íslandi sé á þröskuldi nýrra tíma um þessar mundir. Með nýrri skýrslu Menntamálaráðuneytisins *Breytt námskipan til stúdentsprófs* (Menntamálaráðuneytið, 2004) er lögð áhersla á mikilvægi þess að samræma námskrár grunnskóla og leikskóla með það í huga að tengja betur saman síðasta árið í leikskólanum og fyrsta árið í grunnskólanum. Þetta samræmist einnig því sem kemur fram í skýrslu OECD (2001) en í henni er lögð áhersla á nauðsyn þess að hafa samfellu í námi 0-8 ára barna. Síðast en ekki síst er mælt til þess í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) að skólarnir hafi sín á milli samstarfsverkefni sem stuðli að því að tengja hugmyndafræði skólanna saman og nýta það besta frá báðum til að mynda eðlilega samfellu í skólagöngu barnsins.

Þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur aukist síðustu árin og er þörf viðbót inn í skólaumhverfið. Niðurstöður í áður nefndri rannsókn La Paro, Kraft-Sayre og Pianta (1999) styðja einnig mikilvægi þess að fá fram viðhorf og væntingar foreldra til samstarfs skólastiganna því í niðurstöðum þeirra kom fram að væntingar foreldranna byggðust á góðum samskiptum á milli skólastiganna, góðum samskiptum á milli heimilis og skóla og

að börnin væru örugg og ánægð við upphaf grunnskólagöngu sinnar. Ef við höfum í huga vistkerfislíkan Bronfenbrenners þá eru það fjölskyldan, kennararnir og vinirnir sem standa næst barninu. Með auknu samstarfi þessara aðila getum við betur tryggt farsæla skólagöngu barnsins. Það er því mikilvægt að fá fram viðhorf foreldranna og væntingar þeirra við upphaf grunnskólagöngu barna sinna áður en við tökum næsta skref í samstarfi leikskólans og grunnskólans.

## AÐFERÐ

### *Þátttakendur*

Til að kanna viðhorf foreldra til samstarfs grunnskólans og leikskólans í Stykkishólmi var lagður spurningalisti fyrir foreldra elsta árgangsins á leikskólanum og í 1. bekk grunnskólans. Af þeim 29 foreldrum sem voru beðnir um að svara spurningalistanum svöruðu 23. Svarhlutfall var því tæp 80%, þar af svöruðu 10 af 14 foreldrum leikskólabarna eða 71% og 13 af 15 foreldrum grunnskólabarna eða 86%. Ekki var kannaður sérstaklega bakgrunnur foreldra svo sem aldur, fæðingarland eða fjölskyldutekjur.

### *Spurningalistinn*

Spurningarnar í spurningalistanum voru allar lokaðar. Flestar spurningar könnunarinnar voru til þess ætlaðar að kanna viðhorf foreldra til samstarfs leikskólans og grunnskólans en jafnframt að athuga hversu vel upplýstir foreldrar eru um það. Í listanum voru einnig tvær spurningar þar sem svarendur áttu annarsvegar að raða þáttum úr samstarfinu í forgangsröð og hinsvegar að raða fullyrðingum eftir því hvað samræmdist best þeirra framtíðarsýn. Bakgrunns spurningar voru í lágmarki þar sem úrtakið er mjög lítið.


### *Framkvæmd*

Byrjað var á að fá leyfi hjá skólastjórum leikskólans og grunnskólans fyrir rannsókninni. Síðan var rætt við deildarstjóra elsta hópsins á leikskólanum og umsjónarkennara 1. bekkjar grunnskólans og þeir beðnir að dreifa spurningalistunum og taka á móti þeim. Foreldrar svöruðu spurningalistanum heima og skiluðu honum síðan í skóla barna sinna. Að hálfum mánuði liðnum eða þegar meirihluti foreldra hafði svarað var listunum safnað

saman og unnið úr svörunum. Spurningalistarnir voru nafnlausir og aðeins var unnið úr niðurstöðum hópsins í heild en einnig voru viðhorf foreldra leikskólabarna borin saman í einstaka spurningum.

## NIÐURSTÖÐUR


Meirihluti þátttakenda eða 74% voru mæður barnanna, 13% voru feður þeirra og 13% spurningalistanna svöruðu foreldrarnir saman. Í svörunum kemur í ljós að allir foreldrarnir eru frekar ánægðir eða mjög ánægðir með samstarf leikskólans og grunnskólans, 65% foreldra eru mjög ánægðir með samstarfið og 35% foreldra frekar ánægðir. Þá taldi rúmur fjórðungur eða 26% foreldra sig vita mjög mikið um samstarfið, í þann flokk falla 20% foreldra leikskólabarna og 31% foreldra grunnskólabarna. Tæpur helmingur foreldra (47,8%) telja sig vita frekar mikið um samstarfið, eða 60% foreldra leikskólabarna og 38% foreldra grunnskólabarna. Rúmur fjórðungur (26%) telur sig vita frekar lítið um samstarfið (sjá mynd 2). Enginn taldi sig vita mjög lítið um samstarfið.



Mynd 2. Hve mikið eða lítið telja foreldrar sig vita um samstarf leikskóla og grunnskóla

Meirihluti foreldra barna í leikskólanum eða 70% eru þeirrar skoðunar að samstarfið sé vel kynnt á leikskólanum en 44% foreldra grunnskólabarna telja samstarfið vel kynnt í grunnskólanum. Einn tíundi foreldra leikskólabarna telja samstarfið illa kynnt og 11%

foreldra grunnskólabarna og hlutfall þeirra sem merkja við að þeir viti það ekki er 20% hjá foreldrum leikskólabarna og 44% foreldra grunnskólabarna (sjá mynd 3)



Mynd 3. Viðhorf foreldra á kynningu samstarfsins í skóla barnsins þeirra.


Þegar foreldrar voru beðnir að meta hvað er mikilvægast, næst mikilvægast, þriðja mikilvægast og fjórða mikilvægast í samstarfi skólanna kemur í ljós að heimsóknir leikskólabarnanna í grunnskólann og vorskólinn eru að þeirra mati mikilvægustu þættir samstarfsins. Þá kemur einnig í ljós að foreldrar telja sameiginlegar uppákomur og sameiginlega kirkjuferð í desember ekki mikilvæga þætti í samstarfinu (sjá töflu 1).

*Tafla 1*  
Mikilvægustu þættirnir í samstarfinu að mati foreldra

	Fyrsta	Annað	Þriðja	Fjórða
Skólastjóraheimsókn	10%	5%	40%	30%
Leikskólab. heimsækja grunnsk.	45%	40%	5%	0%
Grunnskólab. heimsækja leiksk.	0%	25%	15%	5%
Sameiginleg kirkjuferð	0%	0%	5%	0%
Sameiginlegar uppákomur	0%	0%	5%	5%
Vorskóli	35%	15%	20%	15%
Sameiginleg námskeið	0%	5%	0%	20%
Skilafundur	10%	10%	10%	20%

(% af þeim sem svöruðu)

Ef mat foreldrahópanna er skoðað, þá er að segja foreldra leikskólabarna annarsvegar og hinsvegar foreldra grunnskólabarna, kemur í ljós að meirihluti foreldra leikskólabarna eða 67% telur að heimsókn leikskólabarna í grunnskólann sé mikilvægasti þáttur samstarfsins, 22% telja vorskólann vera mikilvægastan og 11% telja það vera skilafund á milli skólastiganna. Helmingur foreldra grunnskólabarna telur vorskólann mikilvægastan, 20% telja það vera heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og önnur 20% telja skólastjóraheimsóknir mikilvægastar. Mat á mikilvægi svokallaðra skilafunda er svipað hjá báðum foreldrahópunum eða 10% hjá foreldrum grunnskólabarna og 11% hjá foreldrum leikskólabarna (sjá mynd 4).



Mynd 4. Það mikilvægasta í samstarfinu að mati foreldra.


Í töflu 2 eru svör þátttakenda þegar þeir voru beðnir um að raða fullyrðingum í forgangs röð eftir því hve vel þær falla að framtíðarsýn þeirra á samstarfi skólastiganna. Ef skoðaðar eru þær fullyrðingar sem oftast eru valdar í fyrsta og öðru lagi, kemur í ljós að framtíðarsýn meirihluta foreldra eða 80% er að samstarf skólastiganna leiði af sér aukið nám í leikskólanum í gegnum leikinn og 63% foreldra telja að gerð verði í framtíðinni sameiginleg námskrá fyrir elstu börn leikskólans og yngstu bekki

grunnskólans. Fæstir sjá hinsvegar fyrir sér að samstarfið á milli skólastiganna leiði til engra breytinga eða að bóknám verði aukið í leikskólanum.

*Tafla 2*  
**Framtíðarsýn á samstarf leikskólans og grunnskólans.**


	Fyrsta	Annað	Þriðja	Fjórða	Fimmta
Bóknám færirst í auknu mæli niður í leikskólann	4,5%	5,3%	23,5%	35,4%	21,4%
Aukið nám í gegnum leik í leikskólanum	54,5%	26,3%	5,9%	0%	0%
Engar breytingar á námi og kennslu í leik- og grunnsk.	0%	5,3%	5,9%	23,5%	64,3%
Grunnskólinn aðlagar sig að kennsluaðf. leikskólans	4,5%	36,8%	29,4%	23,5%	14,3%
Sameiginleg námskrá	36,5%	26,3%	35,3%	17,6%	0%
( % þeirra sem svöruðu)					

Ef skoðað er hvaða fullyrðingu foreldrahóparnir tveir telja falla best að framtíðarsýn þeirra sést að 60% foreldra leikskólabarna og 46% foreldra grunnskólabarna telja að nám í gegnum leik aukist í leikskólanum og 38% foreldrum grunnskólabarna og 30% foreldrum leikskólabarna finnst líklegast að samstarfið leiði af sér sameiginlega námskrá. finnst. Síðan skilja leiðir hópanna, 10% foreldra leikskólabarna telja að grunnskólinn muni aðlaga sig að kennsluaðferðum leikskólans en 8% foreldra grunnskólabarna telja að samstarfið muni leiða til aukins bóknáms í leikskólanum (sjá mynd 5).



Mynd 5. Framtíðarsýn foreldra á samstarfi leikskólans og grunnskólans.

Meirihluti beggja foreldrahópanna vill efla samstarfið eða 80% foreldra leikskólabarna og 62% foreldra grunnskólabarna. Þá kemur einnig fram í niðurstöðunum að enginn vill minnka samstarfið en 20% foreldra leikskólabarna vill halda því óbreyttu og það sama vilja 38% foreldra grunnskólabarna (sjá mynd 6).



Mynd 6. Ef breyta ætti samstarfinu.

## UMRÆÐUR

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna viðhorf og væntingar foreldra til samstarfs leikskólans og grunnskólans í Stykkishólmi. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að mikill meirihluti foreldra eru ánægðir með samstarf skólanna og telja það mikilvægt fyrir grunnskólagöngu barna sinna. Foreldrahóparnir hafa að vissu leyti mismunandi framtíðarsýn á samstarfið og einnig er mismunur á því hvaða þætti þeir telja mikilvægasta í samstarfinu.

Þegar viðhorf foreldra til kynningar á samstarfinu er skoðað kemur í ljós að fjórðungur þátttakendanna telja sig vita frekar lítið um samstarfið. Innan þessa hóps 31% foreldrar grunnskólabarna og 20% foreldrar leikskólabarna. Foreldrar leikskólabarnanna eru mun „ákveðnari“ í svörum sínum, mikill meirihluti eða 80% þeirra telja sig vita mjög eða frekar mikið um samstarfið og 70% þeirra er ósammála þeirri fullyrðingu að samstarfið sé illa kynnt í leikskólanum, 10% þeirra er sammála fullyrðingunni og 20% er ekki viss. Tæp 70% foreldra grunnskólabarnanna telur sig vita mjög eða frekar mikið um samstarfið en aðeins tæpur helmingur eða 44% eru ósammála þeirri fullyrðingu að samstarfið sé illa kynnt í grunnskólanum, 11% þeirra er sammála því en 44% vita það ekki. Þessar niðurstöður benda til þess bæta megi kynninguna á samstarfinu í grunnskólanum.

Foreldrar leikskólabarna telja mikilvægasta þáttinn í samstarfinu vera þann að leikskólabörnin heimsæki grunnskólann og sá næstmikilvægast er vorskólinn. Foreldrar grunnskólabarnanna telja vorskólann vera mikilvægastan og síðan skólaheimsóknir leikskólabarnanna. Fæstu atkvæðin fá uppákomur sem grunnskólinn býður leikskólanum á, eða sameiginlegar uppákomur og kirkjuferð. Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2004.b) kom fram að það að bjóða leikskólabörnum á uppákomur innan grunnskólans er næst algengasta aðferðin í samstarfsverkefnum skólastiganna.

Telja má víst að foreldrar grunnskólabarnanna hafi meiri reynslu af einstaka þáttum samstarfsins en foreldrar leikskólabarnanna og tali því af meiri reynslu. Fimmtungur foreldra leikskólabarnanna eða 20% hafa ekki áður kynnst samstarfinu þar sem elstu börn þeirra eru að byrja í grunnskóla næsta haust.

Mat foreldranna á mikilvægustu þáttum samstarfsins er svipað og komið hefur fram í nýlegri bandarískri rannsókn La Paro, Kraft-Sayre og Pianta (2003). En þar kom fram að nær allir eða 99% í 95 manna úrtaki bandarískra foreldra, fannst mikilvægast að leikskólabörn heimsæktu grunnskólann. Eins og áður hefur komið fram bauðst bandarískum foreldrum að taka þátt í verkefnum á milli leikskóla og grunnskóla til að auðvelda byrjun barnanna í grunnskóla og völdu 96% foreldra að heimækja grunnskólann og 99% þeirra taldi það mjög gagnlegt. Rúmlega helmingur foreldra eða 58% þeirra völdu að börn þeirra tækju þátt í daglegum störfum skólans (sambærilegt við vorskóla) og töldu 100% þeirra að það hefði verið gagnlegt.

Þegar framtíðarsýn foreldra er skoðuð kemur í ljós að meirihluti foreldra telja að samstarfið leiði af sér aukið nám í gegnum leik í leikskólanum og að gerð verði sameiginleg námskrá fyrir 5-8 ára börn. Foreldrahóparnir eru sammála með líklegasta og næstlíklegasta þáttinn en síðan skilja leiðir, foreldrar leikskólabarnanna telja að grunnskólinn aðlagi sig að kennluáðferðum leikskólans og grunnskólaforeldrarnir telja að bóknám færist í auknu mæli niður í leikskólann.

Þessi svör má túlka sem gagnrýni á bæði skólastigin og sýnir mikilvægi þess að samræma námskrár og kennsluáferðir skólastiganna. Foreldrar leikskólabarnanna „setja út á“ grunnskólann með því að nefna að hann þurfi aðlagi sig að kennsluáðferðum leikskólans og grunnskólaforeldrarnir telja að leikskólinn eigi að kenna leikskólabörnum meira eftir áðferðum grunnskólans, það er að segja að færa eigi bóknám niður í leikskólann í auknu mæli. Framtíðarsýn foreldranna samræmist þó sýn stjórnvalda því í Aðalnámskrá grunnskóla (1999) kemur fram að æskilegt sé að skólarnir hafi sín á milli samstarfsverkefni sem stuðli að tengingu á hugmyndafræði skólanna og að nýtt sé það besta frá báðum skólunum til að mynda eðlilega samfellu í skólagöngu barnsins.

Við endurmat samstarfsverkefnins telja fleiri foreldrar leikskólabarnanna að efla eigi samstarfið eða 80% á móti 62% foreldra grunnskólabarna. Að sama skapi vilja fleiri foreldrar grunnskólabarnanna halda samstarfinu óbreyttu eða 38% á meðan 20% foreldra leikskólabarna vill engar breytingar.

Foreldrar leikskólabarnanna virðast vera áhugasamari um að efla samstarfið og er ástæða þess jafnvel sú að framundan er flutningur á milli skólastiganna hjá börnum þeirra en foreldrar grunnskólabarnanna hafa nú þegar gengið í gegnum hann með börnum sínum og eru sáttir við sitt.

Þessi rannsókn var lítil að sniðum og aðeins var rannsakað viðhorf til eins samstarfsverkefnis á milli leikskóla og grunnskóla. Hún mun þó án efa verða gagnleg við endurmat samstarfsverkefnis skólanna. Með stærra og dreifðara úrtaki hefði verið fróðlegt að kanna betur bakgrunn foreldra og sjá hvort til dæmis menntun þeirra, fæðingarland og tekjur hafi áhrif á viðhorf þeirra til samstarfs skólastiganna. Einnig væri fróðlegt að athuga hvort stærð leikskóla og grunnskóla hafi áhrif á þau samstarfsverkefni sem eru í boði.

Ég tel það mjög brýnt á þessum tímamótum að kanna landsvísu hverjir eru helstu áhrifavaldar viðhorfa foreldra til samstarfsverkefna leikskóla og grunnskóla, hvort viðhorf þeirra ráðist af; stærð skóla barna þeirra, stærð sveitarfélagsins, fyrri reynslu af samstarfi skólastiganna eða einhvers annars.

Til að upphaf skólagöngunnar verði sem best þurfa allir í nánasta umhverfi barnsins að styðja við það. Í líkani Bronfenbrenners er lögð rík áhersla á góð tengsl á milli hversdagssviðanna, það er að segja fjölskyldunnar, vinanna, skólans, leikskólans og samfélagsins (Dunlop og Fabian, 2002a). Það er því mikilvægt að fá fram viðhorf og væntingar allra sem að barninu koma við þessi miklu tímamót í lífi barnsins.

## HEIMILDIR

Bronfenbrenner, U. (1977). Toward an experimental ecology of human development. *American Psychologist*, 32, 513-530.

Broström, Stig (2002). Communication and continuity in the transition from kindergarten to school. Í Aline-Wendy, Dunlop, Fabian og Hilary (Ritstjórar), *Transitions in the early years*. London og NewYork: Routledge Falmer.

Broström, Stig (2003). Transition in Context: Models, practicalities and problems. Í Stig Broström og Judith T Wagner (Ritstjórar), *Early Childhood Education in Five Nordic Countries. Perspectives on the transition from preschool to school*. Århus: Systime Academic.

Broström, Stig og Wagner, Judith T. (Ritstjórar) (2003). *Early childhood education in five nordic countries. Perspectives on the transition from preschool to school*. Århus: Systime Academic.

Dockett, Sue og Perry, Bob (Ritstjórar) (2001). *Beginning school together: Sharing strengths*. Watson: Australian Early Childhood Association.

Dunlop, Aline-Wendy og Fabian, Hilary (2002a). Conclusions. Debating transitions, continuity and progression in the early years. Í Aline-Wendy Dunlop og Hilary Fabian (Ritstjórar), *Transitions in the early years*. London og New York: Routledge Falmer.

Dunlop, Aline-Wendy og Fabian, Hilary (Ritstjórar) (2002b). *Transitions in the early years*. London og NewYork: Routledge Falmer.

Jóhanna Einarsdóttir (2003a, apríl). Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn. Viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 31.apríl 2005 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm>

Jóhanna Einarsdóttir (2003b). Charting a smooth course: Transition from playschool to primary school in Iceland. Í Stig Broström og Judith T. Wagner (Ritstjórar), *Early childhood education in five nordic countries. Perspectives on the transition from preschool to school*. Århus: Systime Academic.

Jóhanna Einarsdóttir (2004a). Tvær stefnur – tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun*, 14, 57-78.

Jóhanna Einarsdóttir (2004b). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólastigin. *FUM. Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 209-227.

La Paro, Karen M., Kraft-Sayre, Marcia og Pianta, Robert C. (2003). Preschool to kindergarten transition activities: Involvement and satisfaction of families and teachers. *Journal of Research in Childhood Education*, 17(2), 147-158.

*Lög um grunnskóla nr. 49/1991.*

*Lög um leikskóla nr. 78/1994.*

Menntamálaráðuneytið (1999a). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið (2004). *Breytt námskipan til stúdentsprófs –Aukin samfella í skólastarfi. Skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

OECD (2001). *Starting Strong: Early Childhood Education and Care* (Skýrsla. Sótt 15.apríl 2005 af

<http://www.oecdbookshop.org/oecd/display.asp?sf1=identifiers&st1=912001011P1>).

Paris: OECD.

Pianta, Robert C. og Kraft-Sayre, Marcia (1999). Parents observation about their children's transition to kindergarten. *Young Children*, 54(3), 47-52.

# **Viðhorf og væntingar foreldra til samstarfs leikskóla og grunnskóla**

**Spurningalisti í tengslum við nám í meginlegum  
rannsóknaraðferðum  
í rannsóknartengdu framhaldsnámi við KHÍ**

Kæra foreldri!

Sigurborg Sturludóttir heiti ég og er kennari við Grunnskólann í Stykkishólmi. Ég hef síðastliðin tvö ár lagt stund á diplománám á námsbrautinni „Nám og kennsla ungra barna” við Kennaraháskóla Íslands.

Í haust byrjaði ég síðan í meistaranámi við sama skóla og er spurningalisti þessi verkefni í meginþingum rannsóknaraðferðum. Lokaverkefni mitt í diploma náminu fjallaði um samstarf leikskóla og grunnskóla á norðanverðu Snæfellsnesi og langar mig að halda áfram á þeirri braut og skoða nánar viðhorf og væntingar foreldra gagnvart samstarfi skólastiganna. Spurningalisti þessi er þó aðeins æfing í aðferðarfræði eins og fyrir segir en niðurstöður hans gætu verið gagnlegar í endurmati á samstarfinu. Þátttakendur eru foreldrar elsta árgangs leikskólans og foreldrar 1. bekkjar Grunnskólans í Stykkishólmi.

Að lokum langar mig að þakka þér kærlega fyrir að gefa þér tíma til að svara þessum spurningum. Spurningalistanum er hægt að skila til leikskólakennara eða grunnskólakennara barnsins.

Með kveðju,  
Sigurborg Sturludóttir

**1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samstarfið á milli leikskólans og grunnskólans?**

*Merktu við einn valkost.*

- Mjög ánægð(ur).
- Frekar ánægð(ur).
- Frekar óánægð(ur).
- Mjög óánægð(ur).

**2. Hversu lítið eða mikið telur þú þig vita um samstarf leikskólans og grunnskólans?**

*Merktu við þann valkost sem lýsir best hversu lítið eða mikið þú telur þig vita um samstarfið.*

- Ég veit mjög mikið.
- Ég veit frekar mikið.
- Ég veit frekar lítið.
- Ég veit mjög lítið.

**3. Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum um kynningu á samstarfi grunnskólans og leikskólans?**

*Merktu við einn svarmöguleika fyrir hverja fullyrðingu.*

	Sammála	Ósammála	Veit ekki
Samstarfið er illa kynnt í leikskólanum.			
Samstarfið er illa kynnt í grunnskólanum.			
Kynning skiptir ekki máli því ég hef ekki áhuga á samstarfinu.			
Ég hef áhuga á samstarfinu og vil fá meiri kynningu á samstarfinu.			

**4. Hvað telur þú vera mikilvægast í samstarfinu á milli skólastiganna?**

*Vinsamlegast raðaðu í forgangsröð eftir mikilvægi frá 1 og upp í 4. Merktu 1 við mikilvægasta þáttinn, 2 við þann næst mikilvægasta og svo framvegis.*

- Heimsókn þar sem leikskólabörnin skoða skólann í fylgd skólastjóra grunnskólans.
- Leikskólabörn heimsækja 1. bekk og taka þátt í skólastarfinu.
- Grunnskólabörn heimsækja leikskólann.
- Sameiginleg kirkjuferð.
- Sameiginlegar uppákomur og skemmtanir.
- Vorskóli.
- Sameiginleg námskeið starfsfólks skólanna.
- Skilafundur á milli leikskóla og grunnskóla þar sem farið er yfir stöðu hvers barns.

**5. Hversu mikilvægt eða léttvægt telur þú að samstarf leikskólans og grunnskólans sé fyrir grunnskólagöngu barnsins?**

*Merktu við einn möguleika*

- Mjög mikilvægt.
- Frekar mikilvægt.
- Frekar léttvægt.
- Mjög léttvægt.

**6. Merktu við þá fullyrðingu sem þér finnst falla best að framtíðarsýn þinni á samstarfi leikskólans og grunnskólans**

*Vinsamlegast raðaðu í forgangsröð eftir því hve vel fullyrðingin passar við framtíðarsýn þína. Merktu 1 við mikilvægasta þáttinn, 2 við þann næst mikilvægasta og svo framvegis.*

- Ég tel að samstarfið leiði til þess að bóknám færist í auknu mæli niður í leikskólann.
- Ég tel að samstarfið leiði til þess að aukið nám verði í leikskólanum en þannig að börnin læri áfram í gegnum leikinn.
- Ég tel að samstarfið leiði ekki til breytinga á námi og kennslu í leikskólum og grunnskólum.
- Ég tel að samstarfið leiði til þess að grunnskólinn aðlagi sig að kennsluaðferðum leikskólans þannig að börnin læri í gegnum leik í grunnskólanum.
- Ég tel að samstarfið leiði til þess að gerð verði sameiginleg námskrá fyrir elstu börn leikskólans og yngstu bekki grunnskólans.

**7. Ef breyta ætti samstarfinu finnst þér að það ætti að efla það, minnka eða halda því óbreyttu?**

- Efla samstarfið.
- Minnka samstarfið.
- Halda því óbreyttu.

**8. Er barnið þitt á elstu deild leikskólans eða í 1. bekk grunnskólans?**

- Á elstu deild leikskólans.
- Í 1. bekk grunnskólans.

**9. Hvar í systkinaröðinni er barnið?**

- Barnið er elst systkina sinna.
- Barnið er í miðju systkina hópsins.
- Barnið er yngst systkina sinna.
- Barnið er einbirni.

**10. Hver svaraði spurningalistanum?**

- Móðir barnsins
- Faðir barnsins
- Foreldrar barnsins í sameiningu
- Annað \_\_\_\_\_

**Að lokum vil ég þakka þér kærlega fyrir að svara þessum spurningalista!**